

Þriðjudaginn 23. apríl 1991.

Nr. 164/1991. X

gegn

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Kærumál. Lögræðislög. Sjálfræðissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. mars 1991, sem barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 16. apríl sl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 68/1984 greiðist kærumálskostnaður úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðila, sem ákveðst 25.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Bergsteins Georgssonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. mars 1990.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 4. mars 1991, hefur Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Síðumúla 19, Reykjavík, höfðað með kröfu, þingfestri 11. febrúar 1991.

Krafa sóknaraðila er sú, að X [...] með lögheimili í Reykjavík verði sviptur sjálfræði.

Krafa sóknaraðila byggist á a- og c-lið 3. gr. lögræðislaga nr. 68/1984. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að varnaraðili sé ekki fær um

að ráða persónulegum högum sínum vegna geðsjúkdóms. Í samtölum og samskiptum sóknaraðila við varnaraðila allt frá 1983 hafi æ oftar og betur komið í ljós, að varnaraðili sé hættulegur sjálfum sér og öðrum. Þá hafi varnaraðili sýnt af sér einkennilega hegðun og mikið borið á ranghugmyndum.

Því er einnig haldið fram af hálfu sóknaraðila, að varnaraðili hafi sökum ofdrykkju og notkunar ávana- og fíkniefna þráfaldlega raskað opinberum hagsmunum. Því til stuðnings er vísað til lögregluskýrslna, sem fylgja kröfu sóknaraðila og sýna afskipti lögreglu af varnaraðila síðustu vikur.

Lagt hefur verið fram læknisvottorð Sigurðar B. Stefánssonar, læknis á Borgarspítalanum. Í vottorðinu kemur fram, að ráða megi af sjúkragögnum varnaraðila, að hann hafi á seinni árum sýnt sífellt greinilegri einkenni um alvarlegan geðsjúkdóm. Í viðtali við varnaraðila hafi komið fram áberandi ranghugmyndir, einkum af ofsóknartoga, og önnur einkenni, sem bendi til þess, að hann sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og geti orðið sér og öðrum hættulegur, ef hann yrði útskrifaður við núverandi aðstæður. Enn fremur er það mat læknisins, að varnaraðili þurfi mun legri vistun til meðhöndlunar á sjúkdómi sínum, einkum þar sem líklegt sé, að áframhaldandi meðferð muni koma honum að gagni.

Einnig hefur verið lagt fram vottorð Hólmfríðar Magnúsdóttur, læknis á deild 12 á geðdeild Landspítalans við Kleppsveg, en þar hefur varnaraðili verið til lækninga. Kemur fram í vottorðinu, að varnaraðili hafi hafið drykkju 13 - 14 ára og hafi verið kominn með áfengisvandamál 17 ára. Síðan hafi bæst við önnur vímuefni. Varnaraðili hafi verið lagður inn á deild 12 á Kleppsspítala 28. janúar 1981 vegna geðsjúkdóms, sem hafi farið versnandi undanfarin ár, og sé svo komið, að hann telji alla ofsækja sig, sem nálægt honum komi, og hafi hann verið ógnandi í framkomu undanfarið og haft í hótunum að gera eitthvað, fái hann ekki frið. Læknirinn telur varnaraðila ekkert sjúkdómsinnsæi hafa og að hann harðneiti allri lyfjameðferð. Til þess að hægt sé að gefa honum lyfjameðferð gegn vilja hans með langverkandi geðlyfjum í innspýtingu, þurfi að svipta hann sjálf-ræði í von um, að ofangreind meðferð bæti liðan hans og hegðun.

Þingað var í málinu 15. febrúar sl. á deild 12 á Kleppsspítala. Kom varnaraðili þá fyrir dóm og var kynnt fram komin krafa um sjálfræðissviptingu. Mótmælti hann þá kröfunni algerlega og taldi sig ekki þurfa á læknis-meðferð að halda.

Í samræmi við ákvæði lögræðislaga var varnaraðila gefinn kostur á að bera fram ósk um verjanda í lögræðismálinu. Þar sem varnaraðili nýtti sér ekki heimild sína, var Bergsteinn Georgsson hdl. skipaður verjandi hans. Tók hann við skipuninni í þinghaldi 4. mars 1991, en hafði áður rætt við varnaraðila.

Í munnlegri vörn gerði skipaður verjandi þá kröfu fyrir hönd varnaraðila, að kröfu sóknaraðila um sjálfræðissvipting yrði hafnað. Mótmælti hann röksemdum sóknaraðila fyrir beiðni um sjálfræðissviptingu. Taldi hann ósannað, að varnaraðili ætti við geðsjúkdóm að stríða. Einnig dró hann í efa, að sjálfræðissvipting kæmi til með að skila tilætluðum árangri, og taldi, að ekki væri fullreynt, að varnaraðili myndi hafna lyfjameðferð. Þá taldi hann sjálfræðissviptingu slíka skerðingu á mannréttindum, að henni bæri að hafna í þessu tilviki og að betri kostur væri að útvega varnaraðila húsnæði, þar sem hann gæti verið einn út af fyrir sig.

Forsendur og niðurstaða.

Í málinu liggja fyrir vottorð tveggja sérfræðinga í geðlækningum um geðheilsu varnaraðila, og hafa þeir staðfest vottorð sín fyrir dómi. Í vottorðum þeirra og framburði fyrir dómi kemur fram, að þeir telja varnaraðila haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og að lyfjagjöf muni bæta heilsufar hans. Þar sem varnaraðili geri sér hins vegar ekki grein fyrir sjúkdómi sínum og neiti lyfjameðferð, þurfi að svipta hann sjálfræði, til þess að hægt sé að gefa honum geðlyf gegn vilja hans.

Framlögð vottorð og skýrslur lækna, sem studd eru gögnum, benda eindregið til þess, að varnaraðili sé ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum vegna geðsjúkdóms. Til þess að bæta megi heilsufar varnaraðila og til þess að unnt verði að veita honum nægilega góða, samfellda og langvarandi lækni meðferð, virðist bera að neyta heimildar a-liðar 3. gr. lögræðis-laga nr. 68/1984 til að svipta hann sjálfræði.

Þau gögn, sem lögð hafa verið fram í málinu, þykja ekki renna fullnægjandi stóðum undir, að byggja megi sjálfræðissviptingu einnig á c-lið 3. mgr. l. nr. 68/1984.

Þá ber að úrskurða skipuðum verjanda varnaraðila þóknun úr ríkissjóði, sem þykir hæfilega ákveðin 35.000 krónur.

Sigurður T. Magnússon, settur borgardómari, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, X, skal sviptur sjálfræði frá birtingu úrskurðar þessa.

Málskostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Bergsteins Georgssonar hdl., 35.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.